Samþykkt þann
14 NOV 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson
















AFSTÖÐUMYND M: 1/500

## Byggingarlýsing Grandatröð 2, staðgreinir: 2850-0020, landnúmer: 120607

Sótt er um að byggja 95,1 fm viðbyggingu við hús Alexanders Ólafssonar að Grandatröð 2. Fyrir er á lóðinn 319,6 fm verkstæðisbygging auk 70 fm skrifstofubyggingar úr tré sem verður fjarlægð. Húsnæðið er skilgreint sem atvinnuhúsæði

Útveggir hússins eru að hluta byggðir sem stálveggir, sem eru einangraðir með 150 mm steinull. Ytra og innra byrði er stálklæðning . Gólf á fyllingu er staðsteypt og milligólf er úr stáluppistöðum. Að neðanverðu eru veggir staðsteyptir, einangraðir með 100 mm steinull.

Einangrað er undir plötu og með sökklum með 75 mm frauðplasteinangrun.

Þak hússins er borið uppi með stálsperrum. Milli þeirra liggja 200 mm furu langbönd einangruð með 200 mm steinull. Innra og ytra byrði úr stáli.

Innveggir eru léttir timbur- eða stálgrindarveggir, eftir aðstæðum, klæddir gifsplötum. Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 1.

Lagnir eru utanáliggjandi og er húsið er hitað upp með hitaveitu og er í því loftræstikerfi eftir því sem við á. Viðgerðargryfja er loftræst eftir sem áður.

Gluggar eru í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler er tvöfalt, hljóðeinangrað í samræmi við byggingarreglugerð, K-gler eða sambærilegt. Innanmál útidyra er meira enn 90 cm. Innanmál annarra dyra er meira en 80 cm.

Brunamótstaða einstakra byggingarhluta er tilgreind á grunnmyndum og á sneiðingum. Klæðningar innanhúss eru í flokki 1. Þakefni er í flokki T og gólefni í flokki G. Brunahólfun: Húsinu er skipt í tvö brunahólf og skiptir brunahólfandi veggur R EI 60 húsinu í tvennt.
Burðarvirki: Burðarvirki stiga er A-R30. Önnur burðarvirki eru R 60. Stálburðarvirki skal brunaverja þannig að þau uppfylli kröfu um R60 brunamótstöðu.
Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna í innan frá án lykils eða verkfæra. ÚT-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.
Handslökkvibúnaður: Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.
Reyklosun: Þakgluggar með auðbrennanlegu plasti til reykræstingar eru 4 stk. þakgluggar úr auðbrennanlegu efni, 1 fm hver eru á húsinu.

Húsnæðið er skilgreint sem atvinnuhúsnæði. Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðiseftirnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Mengunarvarnabúnaði á fráveitu og útblástur verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar

Bílastæðabókhald: Húsið er atvinnuhúsnæði, 414,7 m2 sem þýðir að það þarf 9 bílastæði (1 stæði á hverja 50 m2). Á teikningum eru sýnd 9 stæði, þar af eitt stæði fyrir fatlaða.

Ekki er gert ráð fyrir að flutningsgámar standi á lóðinni.

| | |
|---|---|
| U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir: | W/m2K |
| Ti >= 18°C (Skrifstofur) | |
| Þak | 0.2 |
| Léttir útveggir | 0.3 |
| Gluggar (karmar, vegið meðaltalglers, K-gler) | 2.0 |
| Hurðir | 3.0 |
| Gólf | 0.3 |
| Helstu stærðir: | |
| Núverandi hús fyrir breytingu: | |
| rúmmál | 1293,9 m3 |
| Brúttóflötur (D-8) | 319,6 m2 |
| Viðbygging: | |
| 1. hæð: | |
| rúmmál | 394,2 m3 |
| Brúttóflötur (D-8) | 95,1 m2 |
| Núverandi hús og viðbygging samtals brúttóflötur (D-8): | 414,7 m2 |
| Birt flatarlatarmál (D-16 í skráningartöflu) | 400,7 m2 |
| Heildarrúmmál byggingar | 1688,1 m3 |
| Flatarmál lóðar | 887,5 m2 |
| Nýtingarhlutfall (400,7/ 887,5) | 0,45 |

07.11.2007

BREYTINGAR

| NR. | DAGS. | BREYTING | SÞ. |
|---|---|---|---|
| 01 | 06.11.07 | Nýtingarhlutf.& texti leiðrétt og bílast. br. | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

TEKTON
HÖNNUN - SKIPULAG - RÁÐGJÖF

HÁTEIGSVEGUR 7
105 REYKJAVÍK
ICELAND
KT: 471293-2109
TEL: +354 561 1910
FAX: +354 561 1921
TEKTON@TEKTON.IS
WWW.TEKTON.IS

HAUKUR HARÐARSON ARKIT. FAÍ / FSSA KT: 221162-2269
GUÐM. HUGI GUÐMUNDSSON KT: 211066-5129
GUNNLAUGUR JÓNASSON ARKIT. KT: 090462-2299
ÞORLEIFUR EGGERTSSON ARKIT. KT: 040603-4849

SAMÞYKKT

VERK
ALEXANDER ÓLAFSSON EHF
GRANDATRÖÐ 2

TEIKNING
AFSTÖÐUMYND, ÚTLIT OG BYGGINGARLÝSING

KVARÐI
1:100 / 1:500

DAGS.
21.10.2006

TEIKNAÐ AF
GJ, GRB

TEIKNING NR.
0101